




Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 62 TBL. 13. ÁRG. ÁGÚST 1990



Vér eigum að verða í því öðrum til fyrirmyndar að taka upp samband við æðri verur, af skynsamlegu viti, en engum átrúnaði.

Helgi Pjeturss


Ingvar Agnarsson:

Geimpoka í merki Hörpunnar

(Sjá forsíðumynd)

Eina fegurstu hringpoku himins getur að líta í stjörnumerkinu Hörpunni. Þekktar eru um þúsund slíkar hringpokur í vetrarbraut okkar.

Í miðju þessarar þoku er lítil en afar björt stjarna, sem geislar frá sér útfjólubláu ljósi, er gerir þokuna sýnilega. Þvermál hennar, þokunnar, er um 0,5 ljósár og hún þenst út með hraða sem nemur um 20 km á sekúndu. Hún er mjög heit og er talin vera í ætt við hvít dvergstirni.



HARPAN er auðþekkt stjörnumerki þótt lítið sé. Vega er langbjartasta stjarnan, enda fimmta bjartasta stjarna himins. Samkvæmt goðsögnum táknar stjörnumerki þetta hörpuna, sem Apolló gaf hinum mikla hljóðfærleikara Orfeusi.

Þorsteinn Guðjónsson:

Líffræði, lífaflsvæði og minningafræði

Við og við, oft og einatt, heyrast því haldið fram að „trúin á vísindin“ sé úrelt og af sér gengin, að vísindin geti aldrei svarað því, sem mestu máli skiptir, og því stundum bætt við með þónokkrum drýgindatón, að þessu hafi menn að vísu trúað um síðustu aldamót, en þar hafi þeim heldur betur skjáttlast, nú séu menn vitrari orðnir, og sjái þarna betur. En er ekki dálítill mótsögn í því að menn séu orðnir svo vitrir, að þeir þurfi ekki á vitinu að halda? Því hvað eru vísindin annað en vit og viska, þegar þeim tekst best?

Í bókinni „Nálægð fortíðar“ eftir líffræðinginn Rupert Sheldrake (1988) er ýtarlega greint frá viðureign líforku-líffræðinga og vélengis-líffræðinga (mechanistic biologists) fyrr og síðar, en hinir síðarnefndu hafa ráðið mestu á þessari tuttugustu öld; eru þar einmitt „efnishyggjumennirnir“ sem stundum fá svo kaldar kveðjur frá ýmsum; en gegn vélengis-líffræðinni setur Sheldrake fram kenninguna um hin formskapandi aflsvæði, og hefur sú kenning valdið allmiklu umróti - enda sjá menn, að þar er ekki komið að tómunum kofunum.

Hér er ekki ætlunin að rekja þá sögu neitt náíð, en aðeins geta mjög stuttlega þeirra fjögurra aðalkenninga um líffræði, sem Sheldrake gerir grein fyrir og sjá hvernig þær standa af sér gagnvart líffræði Nýals.

1. Fyrst er **kenning Platóns um frummyndirnar** (eins og hún er skilin almennt, ekki með þeirri skýringu, sem Helgi Pjeturss gefur henni). Þá er gert ráð fyrir, að hver lífmynd eigi sína óumbreytanlegu frummynd í öðrum heimi órann-sakanlegum, og að þessi frummynd lagi hina ófullkomnu

jarðnesku lífveru eftir sér. Þegar prestar segja að „andinn fari til guðs, sem gaf hann“ eru þeir að boða platónsku meir en nokkuð annað, hvort sem þeim er það ljóst eða ekki.

2. **Vélgengis-líffræði**, sem einkum má rekja til **Descartesar** heimspekings, sem uppi var um og eftir 1600, er á þá leið að líta á líkama manna og dýra eins og hverja aðra vél, sem gengur fyrir því afli sem henni er til lagt, og lýtur að öllu leyti lögmálum vélfraði og aflfraði (síðar efnaskipta og rafkrafta). Verður því ekki neitað, að stórmikið hefur áunnist um þekkingu á líkamsstarfsemi og líkamsgerðinni hjá þeim, sem horft hafa þannig á; en þó hefur mörgum skynsömum og fróðum mönnum fundist vanta þarna eitthvað á; hin óvitandi, stefnulausu lögmál líflaus efnis skýra ekki nægilega hin margvíslegu undur lífsins, síst af öllu tilkomnu meðvitundarinnar; hafa því lífaflskeningar hvað eftir annað komið upp og fengið fylgi, en þó aldrei náð yfirhöndinni. Ein þeirra er raunar mjög gömul, en það er:

3. **Kenning Aristótelesar um hið ístarfandi afl**, „entelekíu“; var Aristóteles miklu meir „hérnamegin“ eða jarðneskur í sínum kenningum en Platón hinn himneski, og líkari nútímamönnum; safnaði gripum og gögnum um hvaðeina, enda kallar Helgi Pjeturss hann föður dýrafræðinnar. Entelekían, sem með góðu móti má kalla aflsvæði samkvæmt hugmyndum rafsegulfræðinnar, stjórnar hinni vélrænu líkamsstarfssemi, samstillir hana þannig, að hún nær hinum nauðsynlega árangri. Skilningur Hans Drieschs („aktiver Bau-plan“) var skyldur þessum skilningi Aristótelesar, en Driesch var meðal brautryðjenda í líffræði á sínum tíma.

4. **Kenning Sheldrakes sjálfs um formskapandi aflsvæði** er í rauninni náskyld entelekíu Aristótelesar, en að því leyti frábrugðin, að hún gerir ráð fyrir, að aflsvæðið **síendurskapist fyrir áhrif frá því**, sem það er að reyna að umskapa. Þar sem kenningar þeirra beggja Förngrikkjanna, Platóns

og Aristótelesar gerðu aðeins ráð fyrir áhrifum frá frummyndinni eða aflsvæðinu til líkamans, efnisins, er hinum gagnkvæmu áhrifum þarna gefið rúm, og er það vissulega mikil framför.

5. „Þróun lífsins hefur orðið fyrir samleik lífsins við aðstæður sínar“ segir Þorsteinn Jónsson heimspekingur, og kemur það mjög vel heim og saman við þetta.

En þó er ekki annað hægt en að gruna bæði Sheldrake og Aristóteles um að veila sé í kenningum þeirra, þegar þær eru bornar saman við Platón. Að þykjast sjá eitthvert starfandi aflsvæði á bak við hegðun og líf plantna og dýra, er óneitanlega skylt því, að frummyndin formi þær eftir sér, og er eitthvað heilsteyptara og fyllra við að hugsa sér þvílíka samstillandi veru en að aflsvæðið eitt komi því til leiðar. Þó að síð-20-aldarmenn kalli allt hástemmt og óraunhæft, sem felur í sér að til sé æðri veruleiki, þarf ekki að fara eftir því. Skýring, sem dygði á sjálfa kenningu Platóns, væri það sem glöggvað gæti líffræðiskilninginn, og dygði þá ekkert minna en að geta sagt hvað frummyndirnar eru.

Platón skýrir kenningu sína um fyrirmyndirnar með dæmisögu þeirri, sem einna frægust hefur orðið: Nokkrir fangar sitja hlekkjaðir í helli miklum og er þannig búið um höfuð þeirra eða augu að þeir sjá aðeins til hellisveggjarins á aðra hlið sér, og ekki sjá þeir hverjir aðra. En á aðra hlið þeim nokkuð frá brenna eldar miklir flöktandi, og falla skuggarnir af mönnunum á vegginn, og eru það einu upplýsingarnar, sem fangarnir hafa hverjir um aðra. Af þessum skuggum og hreyfingum þeirra geta þeir ráðið ýmislegt um samfanga sína, en vitanlega er það mjög fátæklegt hjá því að þekkja „fyrirmyndirnar“ sjálfar. Skilningur Platóns var sá, að menn og aðrir hlutir sem til eru hér á jörð, væru svo ófullkomnir, að þeim mætti líkja við skugga þessa, ekki við fangana sjólfa.

Í fyrsta Nýal, ritgerðin Hið mikla samband (sérstaklega kap. XX-XXIV) er kenning Platóns skýrð stjörnulíffræðilega, og veit ég ekki hvernig menn geta farið að því að ganga

fram hjá þeim skýringum og kenna sig þó við Platón. Frummyndirnar eru lifandi verur á öðrum hnöttum segir Helgi, og hann bendir á, að orðið „ídea“ þýðir á grísku „það sem séð er“, það er skyggnisýnir, enda segist Platón hafa séð þær á þann hátt. Skal nú aðeins farið um það nokkrum orðum, hvernig það má vera, að slíkar ídeur, lifandi verur á háu magnanar- og samstillingarstigi, geta beint áhrifum sínum til jarðneskrar eftirmyndar, þannig að fram komi eins og sístarfandi aflsvæði í verunni sjálfri.

Líffræðingurinn Þorsteinn Þorsteinsson frá Húsafelli hefur um langt bil lýst þeim skilningi sínum, að skilin milli lífræns og lítt lífræns megi setja, þegar til verða hinar svonefndu stórsameindir lífsins: kjarnasýrur og eggjahvímuefni. Vissulega er öll saga heims og efnis og lífs **magnanarsaga** sífelld viðleitni hins fullkomnara til að laga eftir sér hið ófullkomna, en þó er það mikið stökk, þegar þessi stórsameinda-hvirving verður til. Þá má segja, að hið beina samband takist við hinar sælu sameindir, nauðalíkt uppbyggðar, í líkama guðlegrar veru. Og eftir að það samband er komið á, mótar geislunin frá hinu æðra lífi skipulag og þróun hins skemmra komna, allt fram til þess, að maðurinn kemur fram og nær loks, með uppgötvun sinni á lífsambandinu, að skilja hvers kyns er. Þá á maðurinn vöлина: að ná vitinu eða kasta því frá sér, að leggja út á stórkostlega framfarabraut eða láta það ógert.

Hin formskapandi aflsvæði Sheldrakes, ná að vísu ekki yfir guðina, eða réttara sagt: honum hugkvæmist ekki sá uppruni þeirra. En þó má vissulega líta á aflsvæði þau sem hann eygir í lífi þessarar jarðar sem eftirmynd hinna guðlegu aflsvæða á öðrum stjörnum. Þegar þannig er litið á, er enn á ný komið á slóðina hans Platóns og fyrirmyndunum fundinn staður í heimi efnis, sólna og jarðstjarna. Og þá er ekki lengur um neina tvíhyggju eða andatrú að ræða.

Ingvar Agnarsson:

Tvennskonafríðarsókn

I.

Talað er um fríðarsókn mannkyns, og einstaka mönnum, þeim sem gengið hafa fram fyrir skjöldu í þeim efnum, hefur verið veitt fríðarverðlaun. Í okkar heimshluta hefur fríður haldist nú um árabíl, öllum til ómetanlegrar hagsældar, mannbóta og menningarauka. Því styrjaldir spilla sálarlífi þjóðanna og leiða mikinn fjölda einstakra þátttakenda til vítisvistar, þá héðan er flutt. Því manndráp eru af illum rótum runnin, og í drápsæði styrjalda flæða vítisáhrif yfir þjóðirnar og spilla innræti manna. Því þarf sókn til fríðar að vera sífellt viðfangsefni allra.


II.

En svo er önnur fríðarsókn, sem síður hefur verið sinnt, illu heilli. Það er sóknin til verndar lífi og limum sambýlinga okkar, dýranna. Þar hefur sókninni lítt miðað fram, heldur e.t.v. aftur á bak. Réttur dýranna til lífs hefur mjög verið fótum troðinn. Harðýðgi hugans hefur lítt látið undan síga í þeim efnum, þótt vissulega hafi mannúð og mildi einnig verið boðuð víða um lönd, en hún hefur oft mátt sín of lítils. Hér á landi hafa „sportveiðar“ og „heilsubótarveiðimennska“ heldur farið vaxandi, og þeir sem slíkar veiðar stunda, eru farnir að krefjast æ meiri virðingar þeirra, sem tilneyddir eru að horfa upp á þetta framferði aðgerðarlausir.

Hér þarf að hefja fríðarsókn, til verndar villtum dýrum. Og árangurs mun helst verða að vænta, ef menn reyna að setja sig í spor dýranna. Hver og einn þarf að hefja fríðarsókn gegn eigin drápslöngun, eyða þessari illu hvöt úr eigin brjósti, reyna að skilja helgi lífsins og hvað í húfi er. Tækist þessi fríðarsókn, þá mundi glæðast ást í brjósti til alls sem lifir. Þetta mundi leiða til bættra lífssambanda upp á við, en á slíku er hin mesta nauðsyn.

609 M 19. 12. 1989.

Sérkennilegar vetrarbrautir



La manuelle astronomie, bis. 202.

Hér má sjá mynd af tveim vetrarbrautum, sem báðar eru sérkennilegar, hvor á sinn hátt. Önnur, sú til vinstri er ekki ólík að útliti reikistjörnni Satúrnusi með hringum sínum. En sú til hægri lítur út sem stór hringur án kjarna. Slíkar vetrarbrautir eru ekki óþekktar en athygli vekur að þær eru ávallt í nálægð annarrar vetrarbrautar og eru uppi tilgátur um hvernig varið muni samspili þeirra tveggja.

Þorsteinn Guðjónson:

Áður en lengra er haldið


„Öndum á ládeyðuna og vitum hvort hún svarar ekki. Svo gerði frumskaparinn í öndverðu, eftir dauðan fyrri alheim.“

Lífgeislar nr. 40, bls. 162.

Svo hefur oss þrúfaldlega tjáð verið „að handan“ að stjörnunni Jörð kunnist að verða betri forlaga auðið en að farast í kjarnorkueldi. „Ég þykist geta eygt betri tíma framundan“ segir einn. Þannig taka þeir til orða hver af öðrum, með ýmsum tilbrigðum. Þessu verður að trúna til þess að hægt sé að lifa. En til þess að hægt sé að trúna því, verður jafnframt að trúna á æskuna. Það hefur aldrei gerzt, að ellin hafi sigrað heiminn eða bjargað heiminum. En hún hefur getað rétt æskunni holl ráð og hönd til bjargar.

Ég þykist sjá hvað hefur, öðru fremur, sljóvgað hugsunina. Það er afstæðishyggjan. Dæmi: Maður að nafni Einstein var að tala um hreyfingar tunglsins. „Tunglið sýnist ganga um jörðina“ sagði hann. „En er nú víst að svo sé? Við gætum eins vel hugsað okkur að það gangi um sólina“ útlistaði hann. „Við teiknum braut jarðar um sólu og braut tungls um sólu (það er hægt, á sama blaði) og er þetta að vísu dálítið margbrotnara og torskildara en brautahringir um sól og jörð — en enginn getur fullyrt að annað sé réttara en hitt.“ — Fram komu tvær punktalínur umhverfis sólu og færðust þær á misvíxl, þannig að litli punkturinn var ýmist utar eða innar en sá stóri. Og menn stóðu og undruðust, við þúsund menntaskóla og háskóla og sögðu: Hvorugt er öðru réttara!

En þetta eru ósannindi. Í raunveruleikanum gengur tunglið um jörðina. Raunveruleikinn er ekki punktar á



Jörð og tungl.

Wissenschaft aktuell: Astronomie.

blaði, heldur hnettir í himingeimi. Þessi fullyrðing herra Einsteins er jafnröng og þeirra sem voru að segja að kenning Kópernikusar væri ekki vitund réttari en kenning Tychó Brahes. Þá villu hef ég hrakið með skipulegri aðferð, og komu engin mótrök fram. (Ungur maður beitti sömu aðferð — og hafði betur.) En að hafa rökin er náttúrulega ekki alltaf hið sama og að hafa máttinn og möguleikana til þess að gera af þeim afl í mannheimi, afl hinnar vaknandi hugsunar. Ævinlega verðum við að leggja hugsanir okkar niður í rásir hinna streymandi krafta í þeirri von að þær berist með þeim lengra og víðar. Hvenær skyldu kraftarnir fara að streyma út frá okkur sjálfum, öðrum til vakningar og hvatningar?

Þegar Jarðarmaður skynjar gegnum Nærstirning, að sólin sjálf glóir þar á himni, sem lítil stjarna meðal annarra stjarna og nær að festa sér afstöðu hennar í minni, er fót-festu náð á hjalla sem verður að yfirstíga, áður en lengra er haldið.“

Mbl. 21. 07. 1983.

Einar Benediktsson:

„Siðabót lýðbragsins“

Heimurinn stendur gáfumönnum Íslands opinn, og allt það, sem afstaða lands vors, uppruni og saga þjóðarinnar og síðast en ekki sízt vort sterka og fagra mál, gefur Væringjum landsins í veganesti, er ekki lítils vert. Fá þjóðerni munu búa börn sín betur úr garði - og ef til vill mun hvergi jafnsmáum hóp ætlað svo mikið að vinna.

Með endurreisn rímnalistarinnar mundi stofnast braga-skóli þjóðarinnar að nýju. Siðabót lýðbragsins bannfærir kerskni, níð og sorpkviðlinga, og þá ris ný, sterk alda hinnar almennu skáldmenntar, sem þjóð vor er borin til.

Að öllu samtöldu er óhætt að fullyrða, að almenningur þessa lands á stórvægilegt hlutverk að vinna, fremur öðrum álfu-þjóðunum að tiltölu, í því að leiða fram listaverk orðsins.

Kvæðasafn 1964, bls. 852.

Einar Benediktsson:

List málsins

Einasta list vor, sem teljandi er, er list málsins, og hún er hér meira en list, hún er og á að vera meginmenntun mannsins. Nú eins og til forna á Íslendingurinn að geta ort, sé hann maður með mönnum. Sú skylda er auður og arfur vors dýra þjóðernis, og með því að varðveitist svipur mannsandans. Ein vísa getur staðið lengi, ef til vill um allan aldur yfir moldum þess, er kvað hana, og verið bjartara og hærra merki en minnisvarðarnir af steini og málm, sem fjölmennu menningarþjóðirnar eru svo auðugar af.

Úr formála „Hrannar“, fyrstu útgáfu, 1913.

(Kvæðasafn 1964, bls. 848)

Helgi Pjeturss:

Um lífsambönd

Saga vaxandi þjáningar hefir saga lífsins verið á jörðu hér. Hin réttu sambönd skortir, samstillinguna við lífið á stjörnum, þar sem er í sannleika lífað. Þetta er það sem að er. Samband, samstilling er eðli lífsins. Hversu illa getur farið, þegar sambandi líkamshlutanna er raskað. Mér eru í minni hin ógurlegu kvalahljóð manns, sem meiðst hafði, og bana beið, af því að þessir líkamshlutar, sem við meiðslin höfðu slitnað úr réttu sambandi, fóru að rotna. Drep er slíkt kallað. En jörð vor er eins og rotblettur á heiminum, staður sem drep er í. Hvíldarlaust á lífið á jörðu hér í stríði við rotnunina, og alltaf er það rotnunin sem sigrar. Á þessu mun verða breyting, ef hin réttu sambönd fást, og samstilling verður við hinar fullkomnari myndir lífsins. Og þar mun koma, þegar hin rétta leið verður farin, að einnig vor jörð, sem svo lengi hefir verið heimkynni hörmunganna, verður heimkynni ljómandi farsældar. En án þess að vita það, sem á Íslandi er segja farið fyrst, getur þetta ekki orðið. Án þess að vita að á öðrum stjörnum eru fagar og góðar verur, sem vilja efla oss og hjálpa, og án þess, að vita, að á öðrum stjörnum er framhald lífsins, verður ekki komist á hina réttu leið, þá sem liggur til fullkomins sigurs á þjáning og dauða.

Úr ritgerðinni Sambandsmál. Nýall 2. útg. bls. 270.

Halldór Vigfússon:

Lífgeislunaráhrif vetrarbrautanna

Dauði er flutningur stjarna á milli í alheimi vetrarbrautanna. Líkaminn hefur jafnmarga minniskjarna og frumur líkamans segja til um. Þeim fjölda er stígur úr efnishjúpn-um, sem orðinn er ónothæfur, er sleppt; það er dauði. Sá minniskjarnafjöldi flyst til samskonar lífafslvæðis, sem togar hann til sín, og gerir það samkvæmt lögmáli þeirrar viðleitni sem einstaklingurinn hefur tileinkað sér. Þeir sem temja sér valdagræðgi, gullkálfsdýrkun, ágirnd, hatur — lenda á mjög erfiðum stöðum í stjörnugeimnum. Aftur á móti flytjast þeir til betri staða, sem tileinka sér góðvild, skilning á erfiðum ástæðum annarra einstaklinga, kærleik til alls sem lifir, einnig til þess, þegar ástin blossar upp hjá ungmennum, en það er vísir til hins æðsta tilverustigs. Þar er sú lífslind, sem geislar sér til allra heima tilverunnar. Þau eru misjafnlega þroskuð, stjörnuheimkynni lífsins. Hér á jörð er mjög lítill skilningur á áhrifum til góðs eða ills, eftir þeim geislaáhrifum sem ná tökum á einstaklingum og þjóðum, allt eftir því hvað hugsað er og unnið með verklegu þáttunum. Styrjaldir og önnur glæpaverk eru helstefnu- tengd, því heimskur er reiður maður. Þar með ná grimmir lífheimar á öðrum stjörnum tökum á þeim. Þjóðum, sem ekki gera sér grein fyrir, hvernig þessi lífaflasvæði tengjast hvert öðru, er hætt við miklum mistökum. Þá skipta fjarlægðir ekki máli, því geislar þessir fara með hraða hugsanna á örskotsstund um hinn geysistöra alheim stjarnanna. Það er margmilljónfaldur hraði ljósgeislans. Þjóðir, sem þannig hugsa eiga í sífelldum erjum heima fyrir og við aðrar þjóðir.

Hinn nýi líkami er lögmálsbundinn þeim stjörnuastað — samkvæmt hugsunum og verkum einstaklingsins, er hann hefur tileinkað sér — á því lífaflsvæði er hann lendir á. Hann er jafn efnislegur og hjúpur sá, sem við skiljum eftir á vorri jörð. Þetta er hin eina, sanna endurholdgun, sem á sér stað, en mannkynið hefur svo lengi vaðið í villu um. Það eru lögmálsbundin áhrifasvæði á öðrum stjörnum í vetrarbrautunum.


Nú kann einhver að spyrja, hversvegna þeir sem farið hafa björtu lífstefnuleiðina, og þroskast í átt til hærri heima, komi ekki sínum áhrifum til okkar. Þar er því til að svara, að villa hinna röngu áhrifa hefur verið, og er **rikjandi** aflsvæði í lífi jarðarbúa hér á jörð, og hefur svo verið öldum saman, vegna lítils skilnings á lífinu. Því að allur sá hégómi, sem maðurinn og mannkynið hafa tileinkað sér, kemur í veg fyrir að mestu leyti, að góðkynjuð áhrif nái til okkar jarðar. Villukenningar um lífið og tilveruna hafa verið það sterkur þáttur í lífi jarðarbúa, að varðandi lífeðlisfræði, lífefnafræði og stjörnulíffræði hefur öllu verið afneitað með fyrirframsannfæringu, í stað þess að viðhafa vísindi um lífið í milljónum vetrarbrauta.

Öll vísindi, tækni og efnasamsetningar tengjast þeim, sem betur vita á stjörnum himingeimsins, eru frá þeim runnin og af þeim studd. Þau ráðþrota mannkyn, sem þessa og aðrar samsvarandi jarðir byggja, verða að komast í lífstjörnu-sambandið mikla, sem stefnir ávallt að fullkomnari tilverustigum og nær efninu upp á það stig vitsmuna, að efnið fer að hugsa.

Slík er dýrð hnatta þeirra er sífellt sækja fram til hins óendanlega þroska, fegurðar, þekkingar, kærleika. Það eru hinir góðkynjuðu heimar og guðaheimar, sem við höfum hugsað til. Í heimum guðs er samstilling samhuga einstaklinga. Þar er einn fyrir alla og allir fyrir einn. Og munið þetta: jurtir, dýr og menn færast stjarna í millum samkvæmt þeim einstaklingsáhrifum, sem hvaðeina hefur meðtekið, af geislun sólar vorrar, ásamt eðli þeirra lífgeislandi áhrifa, sem umlykja allt líf á jörð þeirri, sem vort heimili er.

Reynum að ná til stjörnusambandsins mikla. Búum börnum okkar fegurri og bjartari framtíð án hrörnunar og sjúkdóma. Hugsid um hina björtu ljóssins heima, og árangurinn mun verða augljós öllu mannkyni. Öflugasti atvinnuvegur Íslendinga á að verða stór stjörnusambandsstöð á Þingvöllum. Hún verður ljós þess heims, sem við köllum jörð vora. Verum samhuga, góðhuga, komum saman á Þingvöllum 17. júní og biðjum þess, að ná til okkar heimsókn frá Goðheimum ljóssins og lífsins. Það mun verða fararheill mannkynsins. Ríghaldið ekki í það sem röng hugsun getur aldrei skilið, helstefnuna. Meðtakið sannleikann, þegar hann er ykkur sagður. Að breyta á þann veg er hin mikla lífstefnuleið á jarðstjörnum himingeimsins.

(Lesið upp á aðalfundi í Félags Nvatsinna, 04. 10. 1989)



Þótt fjarlægðir milli vetrarbrauta skipti milljónum ljósára eru þær lífgeislanum engin hindrun. (Úr bókinni Space bls. 29).

Katrín Sólbjartsdóttir:

Maðurinn stóri í eyjunni óbyggðu (Sýn)


Fyrst er ég fór að heiman var ég á níunda ári. Ég fór til hjóna sem bjuggu í Hergilsey á Breiðafirði, Snæbjarnar Krisjánssonar, hreppstjóra þar, og konu hans Guðrúnar Hafliðadóttur. Starf mitt þar var að sitja hjá kúnum úti í eyju með 13 ára telpu á daginn, því kýrnar voru reknar út í eyju og áttum við svo að passa upp á, að koma með þær til baka áður en sjór félli milli lands og eyjar. Nú fórum við að leita okkur að stað til að vera á til að leika okkur, en ekki samt langt frá, svo við sæum er flæddi að.

Þegar við fórum svo að ganga þarna um, þá sé ég hvar kemur stór maður á móti okkur. Ekki þekkti ég manninn og vissi ekki, að fólk væri þarna. Við löbbum á móti manninum, en svo verður mér á að reka fótinn í smá stein og hrasa. Ég stend upp og lít í kringum mig en sé þá ekki manninn aftur. Mér brá. En svo spurði telpan: „Er þér illt“.

Ég sagði ekki neitt við hana. En þennan mann sá ég oftari, er við vorum þarna. Ég fór svo að tala um þetta við konuna sem ég var hjá. Hún spurði mig: „Af hverju ert þú að spyrja hvort búi fólk þarna“. Ég sagði henni svo hvað ég hafði séð, en hún mætti ekki segja það neinum.

„Þarna býr enginn, vina mín“ sagði konan. „Hérna eru búnir að fara svo margir í sjó, sem þótti vænt um þessa eyju. Við skulum bara gleyma þessu.“

Hugarflug



Úr bókinni „La lune“ eftir Isaac Asimov.

Listamaður sá, sem gert hefur myndina hér að ofan, lætur sér koma til hugar, að hægt sé að gera tunglið að eftirsóttum dvalarstað fyrir þreytta jarðarbúa.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum:

Spámæli Helga Pjeturss

Satt segir síra Bolli Gústavsson í grein sinni um ragna-rök, nýlega birt í Lesbók Mbl., að ekki stefni nú alls kostar til þess, að spámæli Helga Pjeturss um aldamótin 2000 muni rætast. En þótt Helgi léti þessa góðspá frá sér fara, sem lesa má í bók hans Framnýal, þá mun hann hafa orðið einna fyrstur manna til að sjá fram á það, sem svo mjög hefir orðið á hinn verri veg á þessari öld, og hefði síra Bolli einnig mátt geta þess. Sem náttúrufræðingur mun Helgi Pjeturss fyrstur allra manna hafa gert sér grein fyrir hinum tveimur stefnum verðandinnar, sem hann nefndi lífstefnu og helstefnu, og taldi hann að helstefnan, stefna hinnar vaxandi þjáningar, hefði jafnan verið meira ríkjandi á þessari jörð, og kemur þetta mjög víða fram í Nýölum hans. Og til marks um, að hann hafi löngum séð fyrir það, sem svo varð, skal hér geta þess, að snemma árs 1914 skrifaði hann um, að ill tíðindi væru framundan. Verð ég af þessu að ætla, að nefnd spámæli hans beri fremur að líta á sem hugleiðingu um það, sem gæti orðið, því eins og kunnugt mætti vera, boðaði hann ekki einungis ótta og ugg. Boðskapur hans var fagnaðarerindi um sigur guðsríkis fyrir framkomu nýrra og stórkostlegra sanninda.

Það eru nú liðin meira en sextíu ár síðan ég fyrst las ritgerðina „Hið mikla samband“, sem var upphafshefti Nýals, og er mér enn í minni, hve mér birti þá fyrir sjónum. Og til þess enn einu sinn að kalla fram endurminninguna um þann lestur, las ég ritgerð þessa nýlega ásamt enn öðrum Nýalsþáttum, og naut ég enn þessa lestrar eins og jafnan áður. En líklega hefi ég nú í meira lagi fundið til þess, hve þessar

ritgerðir virðast nú vera gleymdar öllum almenningi, og var af þeirri ástæðu ekki laust við, að ég yrði síra Bolla þakklátur fyrir það að hafa með nokkrum hætti rofið hina ríkjandi þögn. Og sé það framgangur æ réttari skilnings á heimi og lífi, sem síra Bolli á við með tali sínu um réttlæti guðs og gróandi mátt eilífs lífs, þá er ég honum mjög sammála. Að vita æ betur hið rétta hlýtur framur öllu að vera skilyrði fyrir því, að menn framkvæmi hið rétta. Og nú tek ég hér upp síðustu málsgreinina úr ritgerðinni, sem ég gat um hér að framan, því að þar kemur það svo glögglega fram, hve höfundur hennar hefir verið ljóst, hvert stefndi, þegar hún var samín.

„Grunlausir ganga menn leiðina til glötunar. Hatrið ólgar milli einstaklinganna, milli stétta hinna einstöku þjóðfélaga, og milli þjóðanna. Nú þegar eru menn teknir að undirbúa næstu styrjöld á ennþá stórkostlegri hátt en þessi hafði verið undirbúin. En styrjaldir svara í mannfélagi til sóttar í líkama. Þá brýst ferlegast út í framkvæmd allur misskilningurinn á lífinu, allar hinar röngu hugmyndir. Þá er þverast stefnt gegn því sem þarf að vera ef tilgangi lífsins á að vera náð. Þá er fjarst verið því, að stefna áleiðis til þeirrar lífheildar, sem verður, þegar enginn hugsar rangt um annan og enginn vill öðruvísi en vel. Fyrir löngu hefir menn grunað, að friður allra manna á milli mundi verða bölsendir, einkenni annars ástands á jörðu hér og góðs. Hitt hafa menn ekki vitað, þó að undarlegt megi virðast, að trúarbrögðin geta ekki fært mannkyninu friðinn.

Einungis þekkingin getur það, sú þekking, sem er ekki takmörkuð af neinum trúarbrögðum, sú þekking, sem gerir mönnum skiljanlegt, svo að þar þarf engra trúar við, hvernig framtíð þeir skapa sér, sem vilja verða frægir og miklir af að baka öðrum böll, og hvernig einungis þar, sem lokið er öllum vilja á að gera öðrum illt, verður stefnt til hins mikla sambands.“

Vetrarnótt



Heiðstirnd bláa hvelfing nætur,
Hreinu lýst af mánaskini,
Norðurljósa logum glæst!
Heill sé þér, sem helgast lætur
Himinfúsa ljóssins vini
Til að lyfta hug sem hæst.

Hugum, sem í hæðir snúa,
Hefja von til sólarlanda,
Þeim, sem eilífð birtu ber,
Skal þitt stjörnubelti brúa
Breiðast djúp á milli stranda
Lífsins þar og lífsins hér.

Steingrímur Thorsteinsson.

Einar Benediktsson:

„Drottning heimsins tungna“

Ég ann þínum mætti í orði þungu,
ég ann þínum leik í hálfum svörum,
grætandi mál á grátsins tungu,
gleðimál í ljúfum kjörum.

Ég elska þig, málið undurfríða,
og undrandi krýp að lindum þínum.
Ég hlýði á óminn bitra, blíða,
brimhljóð af sálaröldum mínum.

Mig dreymdi eitt sinn í dagsins blíðu,
þú drottning allra heimsins tungna,
ég heyrði þig af fólki fríðu,
frjálssu og upplitsdjörfu sungna.

Ég leit í draumi um dali og stendur,
þú drottning allra heimsins tungna,
sá starfsemd, gleði, hreifur hendur
og heyrði þig svo sungna — sungna.

— Og hljóður ég í hljómnnum eirði,
í hugarfró, sem einskis saknar; —
ég fann það, sem að sál mín heyrði,
var sigurbragur fólks, er vaknar.

Úr kvæðinu: Íslandsljóð. (Brot).

Viðskipti við verði laganna

(Draumur)

I

Mig dreymdi draum einn merkilegan eftir að ég sofnaði aftur kl. 9 um morgun, þann 19.02.90.

Dreymir mig að ég hafi komið bifreið minni fyrir í innanhúsbílageymslu, þar sem vörður var við rennihurð eina mikla.

Er ég þarna staddur til þess að ná í bílinn og bakka honum úr stæði, en mér verður það á að aka á kyrrstæðan bíl fyrir aftan, með þeim afleiðingum að ljósker brotnaði með minniháttar beyglu í kringum þann útbúnað.

Mér bregður mjög og ek bifreiðinni í stæðið þar sem hún hafi verið. Geng út úr skýlinu og er á vappi fyrir utan dágóða stund. Það líður ekki á löngu áður en lögreglan er komin á staðinn. Sé ég það tilsýndar í gegnum hurðina miklu að ökutæki mitt er tekið til gaumgæfilegrar athugunar. Síðan hverfa þeir úr skýlinu. Þegar þeir eru á bak og burt, fer ég inn og tek bílinn. Hliðvörðurinn hleypir mér út brosandí og spyr hvernig hafi gengið. Sá ég að hann var lítið hrifinn af lögreglunni, sem hafði klesst einhverjum miða á bílinn, um að hann væri ekki ökufær og þar með ólöglegur. Ég hafði ekki ekið lengi um fyrr en þessir laganna verðir króa mig af. Ég stekk út úr bílnum og stefni á fjall eitt mikið og bratt og þeir á eftir. Ég virtist vera óhemju slyngur klifurgarpur. Þjónar valdsins voru komnir í bráðan lífsháska uppi í snarbröttum og ókleifum björgum fyrir neðan mig. Ég sá fram á, að ég yrði að hjálpa þeim niður, svo að þeir yrðu sér ekki að fjörtjóni í þessum háskalega eltingarleik.

Ég snéri við á móti þeim og studdi þá alla niður þar til þeir voru úr allri hættu. Þá hristi ég þá af mér og tók á rás niður allar skriður, stökk yfir tvær háar velgirtar girðingar og út í sjó. Þar var jarðhiti. Heitt vatn kom þar upp í flæðarmálinu.

Markaði ég spor í þá átt sem ég mundi hafa farið í flæðarmálinu til að villa um fyrir eftirgrenslan. Draumurinn endar á þá leið, að ég var að leita mér að holu, löngu þangi til að anda í gegnum, til að dyljast í sjónum.

II.

Umsögn um drauminn

Þegar ég vakna um hádegið, þá rifjaði ég upp drauminn eins og hann er skráður hér að framan. En þegar ég kom út og huga að bifreið minni þá var ég búinn að fá stöðumæla-sekt. Þá er mér litið á rauðan Skoda þar skammt frá. Var þá búið að setja miða á hann. Tekinn úr umferð. Var einnig búið að klippa af honum númerin. Það hafði snjóað lítillega um nóttina og sá ég að þeir sem tóku númerin af (þ.e. lögreglan og bifreiðaeftirlitsmaðurinn) höfðu þurrkað snjóinn af svo að sást vel í grænan endurskoðunarmiðann.

Draumurinn er merkilegur fyrir það, að þegar þessir hávirðulegu embættismenn í krafti valds síns voru að embætta, þá stilla þeir mig til sambands við draumgjafa er lendir í útistöðum við þeirra líka á annari jarðstjörnu (vegna ástæðis.) Þá má benda á það, að í draumnum var enginn snjór. Umhverfið og mennina kannaðist ég ekkert við úr vökuvitund minni.

(Dreymt 19.02.1990.)

Þorsteinn Sveinsson Víkingur.



Fyrstu tunglförunum þótti heillandi að horfa á jörðina okkar þar sem hana ber við himin rétt ofan við sjónhring tunglsins.

Ur La lune bis. 13

Vélaníðurinn ómfagri

(Fagur draumur og lærdómsríkur)

I.

Mig dreymdi draum og hann var dálítið einkennilegur og óvenjulegur á vissan hátt.

Mér þótti ég koma að húsi, sem var mjög stórt um sig en ekki hátt eftir því. Það var hvítt á að sjá. Mér þótti þetta vera verksmiðja, þar sem framleiddar væru vörur, og gert við ýmsa hluti, sem lagfæringar þurftu við.

Ég þóttist vera með í höndunum hjólbarða af bílnum mínum, og þyrfti ég að fá gert við hann. Ekki tók ég samt neitt eftir útliti hans. Er inn fyrir dyrnar kom, tók á móti mér maður hvítklæddur. Ég bar upp erindi mitt og tók hann því vel: "Og ég skal nú sýna þér með hvaða hætti ýmislegt fer fram hérna hjá okkur", sagði hann.

Hann fór með mig að stórri vélasamstæðu: "Hérna bæði gerum við við notaða hjólbarða og búum til nýja. Og við notum sömu vélarnar til alls þessa".

Ekki voru vélar þessar líkar neinum, sem ég hef séð. Síðan fór maðurinn með mig víða um þessa stóru verksmiðju, sýndi mér ýmsar vörur, sem komu úr hinum mismunandi vélum. Og auðvitað skildi ég ekki ganginn í neinu af þessu öllu saman, eða að minnsta kosti komst ekkert af því inn í vökuvitund mína að draumlökum. Hjá hverri vél voru menn, einn eða fleiri.

En það sem vakti mesta athygli mína og aðdáun var hljómur vélanna og söngl eða söngur mannanna, sem við þær unnu. Þetta var ekki ósamstæður hávaði og smellir, sinn úr hverri áttinni eða sinn af hverri tegund, eins og allstaðar gerist í verksmiðjum hér og lætur illa í eyrum. Nei, hér var annað uppi á teningnum. Hvert einstakt hljóð, sem kom frá mönnum og vélum, varð sem samstilltur hljómur,

sem lét vel í eyrum, og var í rauninni eins og samfelld og samstillt hljómlist, sem hafði þægileg og örvandi áhrif á líkama og sál. Ég fylltist ósjálfrátt einhverri sælukennd. Allengi gekk ég um þetta húsnæði í fylgd mannsins, og lengi fyrst eftir að ég vaknaði, hljómuðu í sál minni þessir fögru, gleðjandi og samræmdu ómar, sem mér þó fannst stafa frá vélunum og frá mönnunum, sem við þær unnu.

II.

Ekki þykir mér með öllu óhugsandi að á hnöttum, þar sem komið er á hátt þróunarstig, verði öll hljóð af allri vinnu og af öllum vélum, samræmd þannig, að ekki verði neinum til ama eða óþæginda, heldur að af þeim hljómunum stafi unaðskenn, jafnvel enn fremur en af fegurstu hljómlist, sem við jarðarbúar eigum kost á að hlusta á. Enda mun öll fögur tónlist og söngur að miklum hluta hafa borist tónlistarmönnum okkar yfir geimdjúpin, þaðan sem allt slíkt er á svo háu stigi, að hvergi gætir misræmis í tali og tónum eða jafnvel í hávaða frá vélum og tækjum, sem hér á jörðu getur valdið hinum mestu óþægindum og jafnvel sjúkdómum ýmiskonar. Þyrftu sambönd að komast á sem fullkonnasta stig, við slíka staði, þar sem samræmis gætir í öllum samskiptum manna og athöfnum þeirra, svo við fengjum að njóta einhvers af því samræmi, sem þar er ríkjandi.

Ingvar Agnarsson. (Dreymt 29. 09. 1982, La Lignière.)

Draumur um Snorra Sturluson

Veturinn 1980 dreymdi mig Snorra Sturluson. Ekki gerði ég mér grein fyrir því hvar við vorum staddir eða hvernig þessi staður leit út. Þetta stafar ef til vill af því, að öll athygli mín beindist að þessum manni, sem stóð andspænis mér og ég vissi að var Snorri Sturluson. Hvaðan vissan var fengin

veit ég ekki, því ekkert orð var sagt. Lýsingin á Snorra festist mér í minni.

Mér þótti hann að okkar mati meðalmaður á hæð, kvikur í hreyfingum, því hann eins og hreyfði sig án þess að skipta um stöðu. Vel farinn í andliti, fráneygur og ennið hátt, bleikhár og á það sló einskonar rauðleitum blæ. Hárið var kembt aftur af hinu háa enni og féll á herðar niður. Ekki var mér síst starsýnt á hendur hans, hina löngu og grönnu listamanns fingur og var sem lýsti af gómunum.

Í huga mér flögraði höfðingi, sem hafði byggt hetjunni út, sem við svo köllum og miðum oft við. Þetta var svokölluð leiftursýn. Áður en hann hvarf brá hann upp tveim spjöldum og á öðru stóð: „Eigi skal höggva”, en á hinu „Út vil ek”.

Niður í hug minn leiftraði, að þarna væri hann að sýna mér, að exin og andinn ættu ekki samleið. Hitt höfðaði til þess að út skyldi horfa vökulum sjónum of veröld alla.

Þar með raknaði draumurinn.

Halldór Pjetursson.

Draumur Loga Ásgeirssonar

(Um fall skólasystur í fljót)

I

Logi var 14 ára þegar hann dreymdi. Skólasystir hans hét Erla Larsen. Hann var mjög hrifinn af Erlu og ætlar að það hafi verið gagnkvæmt af hennar hálfu.

Loga dreymdi að hann væri í skólaferðalagi með skólasystkinum sínum og var Erla í hópnum.

Þá komu þau að djúpu gljúfri. Þar féll mikil á eftir gljúfrinu. Brú var yfir gilið. Ein bekkjarsystir Erlu gekk á eftir henni útá brúna og hrinti henni útaf brúnni. Logi stóð á bakkanum og hafði náð sér í krókstjaka. Hann reyndi að ná til Erlu með króknum. Erla var náhvít þar sem hún flaut. Ekki tókst honum að ná til hennar, náði þó tvisvar til

hennar með króknum. Í þriðja skiftið sem hann náði til hennar flaut hún fram af fossbrún, og hann sá náfölt andlit hennar blasa við.

Mánuði síðar las hann í blaði andlátsfregn hennar. Hún hafði þá veikt skyndilega um líkt leyti og hann dreymdi og dó eftir stutta legu.

Sveinbjörn Beinteinsson

II

Þessi hugnæma frásögn, sem Sveinbjörn hefur skráð eftir Loga, minnir okkur Nýalssinna á það, sem draumafræðinga og draumskýrendur, að í draumlífi sumra koma fyrir persónuleg atriði, sem þarf að sýna mikla nærfærni, um leið og leitast er við að skýra vísindalega rétt. - Það sem þessum unga manni verður væntanlega hugstætt til æviloka, er ekki aðeins hinn áhrifamikli og sorglegi draumur, heldur einnig það að stúlkan veiktist og dó um svipað leyti, eins og hann frétti síðar.

Frá sjónarmiði Nýals er engin ástæða til að efa, að samband hafi getað verið þarna á milli. Þegar um gagnkvæma hrifningu pilts og stúlku er að ræða, mun það oft verða til að auka sambandið og sambandsnæmleikann. - Í þessu dæmi væri þá veika stúlkan **stillir** að draumi piltsins. Það eru ekki hennar atburðir eða kringumstæður sem koma fram í draumi hans, heldur annar sorgaratburður - einhversstaðar. En sem stillir mótar hún drauminn að nokkru með tilfinningum sínum og honum **finnst** stúlkan, sem var að drukkna vera þessi skólasystir sín (rangþýðing). Þetta var önnur stúlka.

Ef Logi les þetta og skilur vel þessa aðgreiningu, mun sorgarblærinn hverfa, og stúlkunni takast að leiðbeina honum gegnum lífið. Síðar meir munu þau ef til vill finnast á fjarlægri stjörnu.

P. G.

Draumskynjanir til annarra hnatta

(Um draumsýnir)

Ég var staddur í húsi, þar sem allmargir voru saman-
komnir, og átti þar stutt tal við konu eina. Hún sagði mér
frá draumi sínum á þessa leið:

„Mig dreymir oft að ég er stödd á öðrum hnöttum, já, ég
er þess fullviss, meðan á draumnum stendur, að ég er á
öðrum hnöttum. Og hnettirnir eru nokkuð hver með sínum
hætti.

Eitt sinn dreymdi mig, að allt var blátt, þar sem ég var
stödd. Loftið var bláleitt og eins fólkið, fjöllin, trén, já, allt
sem fyrir augu þar, var með bláum litblæ.

Í annað skipti virtist allt vera grænleitt. Það var eins og
grænleit móða lægi í loftinu.

Yfirleitt finnst mér allt fólk sem ég sé, vera mjög líkt fólk
okkar jarðar, svo að ég geri þar lítinn mun á, nema að því
leyti, að það virðist vera fegurra, glaðara, hamingjusamara,
og oft finnst mér mikill kærleikur streyma frá því til mín.

Oft eru byggingar þær sem ég sé allfrábrugðnar þeim, sem
hér eru. Sumstaðar eru t.d. flest eða öll hús kringlótt, og
a.m.k. ekki hornhvöss. Flest eru þau fremur lítil.

Ég hef líka séð afarstórar byggingar, kringlóttar með
hvolfpaki. Mér finnst þær vera mikil samkomuhús og mér
finnst stafa frá þeim einhverskonar heillandi eða styrkjandi
áhrif“.

Því miður gafst mér ekki tækifæri til að ræða meira um
þessi efni við konuna, en mjög finnst mér athyglisvert það
litla, sem hún hafði tækifæri til að segja mér frá.

Virðist augljóst, að hér er um að ræða sýnir til annarra
hnatta eins og hún líka álitur sjálf, og sýnir hennar virðast
yfirleitt vera upp á við, þangað, sem betur stefnir lífsþróun-
in, en enn er um að ræða hér hjá okkur jarðarmönnum.

S. S. T.
(Ritað 15. 03. 1984.)

Fyrir miðilsmunn 23. 07. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Zarabústra.

Zarabústra.

Íslendingar góðir, heilir og sælir.

Það eru aldir að baki ekki fáar, er liðnar eru frá því ég lifði á jörðinni, svo að þar er löng saga. Sú langa framlífs-saga verður þó ekki rakin hér. En ég hugsa til ykkar hnattar, þar sem frumlíf mitt er mér ekki úr minni horfið né heldur hef ég látið af að reyna til að stuðla að, að spádómur minn hinn forni mætti rætast varðandi sigur ljóssins á jörðinni og sannleikans. Þið eruð sú þjóð jarðarinnar sem sá spádómur er tengdur mjög.

En spádómar slíkir hafa fleiri komið fram og eiga sér upptök í æðri meðvitund. Munu guðir þeir, er aðrar stjórnur byggja, þar hafa komið við sögu. eru áhrif æðri visku og meðvitundar á mannhugann takmörkuð enn. En þau áhrif þurfa að eflast og maðurinn að taka þá æ meiri þátt í guðlegri visku og afli til að sigrast á ófullkomleika sínum, hefjast á hærra stig en ella.

Mér er kunnugt um tilraunir guðanna á ýmsum öldum til að hjálpa jarðarbúum til að komast á sanna þekkingarbraut. Er af því merkileg saga og fróðleg, sem væntanlega má síðar rekja. Hver slík tilraun krefst óumræðilegrar orku. Tvísýnt hverju sinni, hvernig þó muni takast til.

Hér á Íslandi á þessari öld er slík tilraun gerð af guðanna hálfu. Sigur vannst þar slíkur, að ekki hefur öðru sinni unninn verið, er þar voru með tilstyrk guðanna hugsaðar þær undirstöðuhugsanir í heimsfræði og líffræði, er mestum umskiptum munu valda til farsældar og fegurri framtíðar, er menn fara að færa þær sér í nyt.

Ég vil hvetja hina íslensku þjóð til að taka forystu fram-
sóknarinnar til sannrar lífstefnu. Í þeim efnum þar er gildi
einstaklingsins hið stærsta, hins rétt hugsandi einstaklings og
stærra og stærra verður gildi hans í framsókninni í rétta átt,
er fram líða stundir.

Þakka nú fyrir og verið sæl.

Fyrir miðilsmunn 06. 06. 1988.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Sif.

Sif.

Heil og sæl.

Ásynja mælir.

Til ykkar beinist sterkur hugur frá vetrarbraut okkar. Eruð þið studd í starfi héðan frá heimkynnum hinna fornu Ása. Þeirra er sögur og kvæði forn segja af tíðindi nokkur og þó án hins nauðsynlega skilnings á verum þeim, sem Æsir nefndust og Ásynjur. Enda ekki við öðru að búast á þeim tíma, er þekking var skammt á veg komin frá því, er síðar varð. Stjörnulíffræði var þá ekki komin til sögunnar og þekking á alheimi slík, sem hún er nú orðin á ykkar jörð. Samt höfðu fornmenn veður af æðra lífi á fjarlægum hnöttum. Höfðu skynjun til guðanna og mögnuðust af þeim. Sumir meir en aðrir þó. Og vitmagnan kom fram mál-
snilldinni og göfugu tungutaki fornanna meðal annars af æðri stöðum alheims. Guðmóði mæltu þeir guðanna tungu, speki og vísdom. Þetta er það, sem menn þurfa að vita og skilja vísindalega, að Æsir eru jafn raunverulegir og sjálfir fornmenn og niðjar þeirra á jörðu. Það er aðeins hærra stig fullkomnunar efnisins og lífsins, er þeir hafa náð og heim-
kynni þeirra eru aðrar jarðstjörnur geimsins, þar sem sam-
stilling er guðlega fögur og fullkomin og þó alltaf vaxandi

óendanlega. Þið skuluð ekki efa, að ykkur er styrkur að Ásum og ekki aðeins ykkur, heldur mannkyni öllu, ef það lærir að samstillast sig réttilega um höfuðsannindi.

Þakka svo fyrir og verið sæl.

Fyrir miðilsmunn 29. 08. 1988.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Forngrísk kona.

(Forngrísk kona):

Kona talar.

Sæl.

Forngrísk.

Það eru liðin mörg ár og aldir. Þeir, sem þekkja forngríska sögu, munu kunna skil á mörgu. Fólk var þá ekki fáfrótt og illa siðað, heldur voru þá uppi merkilegir vitringar og andans menn ýmsir þeir, sem mótuðu menninguna og hugarfarið í grísku þjóðfélagi. Þó það mætti auðvitað kallast tilraun og ekki að öllu leyti fullkomin til sköpunar fullkonnara mannkyns, þá var slík tilraun, sem þar átti sér stað, ekki án áhrifa frá æðri lífstöðvum annarra hnatta. Er þessi mikla og merkilega saga Forn-Grikkja þýðingarmikil, þó ekki sé unnt að rekja hana í stuttu máli. En þegar hugleitt er, að hverju var stefnt og hvað mistókst í þessari tilraun, vaknar sú spurning, hvort önnur tilraun muni ekki geta tekist betur og hvort sú tilraun sé ekki af norrænum toga spunnin. Þar sem hinn norræni kynstofn er, þar er vaxtarbroddur mannlegrar hugsunar hæst risinn og þó má sjá þar skyldleika með norrænni og grískri hugsun eigi lítinn, þar sem hæst stefnir og réttast hefur skilist.

Ég vona að þessi fáu orð megi vekja einhvern til umhugsunar um (þessi efni).

Þakka fyrir og verið sæl.

Fyrir miðilsmunn: 11. 01. 1988.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Ónefnd íslensk kona. (Brot).

(Ónefnd íslensk kona):

Kona.

Sæl.

Það eru fleiri að bætast hér í hópinn og það kærir gestir alllangt að komnir frá enn öðrum hnetti, sem varpa hér birtu og fegurð á viðstadda eigi lítilli. Slík tign og fegurð sem af þeim skín! Mjög er þar auðsær blár hjúpur, sem lykur um líkama gesta þessara hinn fegursti á að líta, bjarmahjúpur, sem kalla mætti, lífbjarmahjúpur fullkomnari líkama og magnaðri. Ekki er slíkt lítill viðburður, er slíkt gerist, er slík heimsókn frá enn fullkomnara tilverustigi á sér stað. Það varpar ljóma á líf okkar og eflir hug okkar til hins góða og sanna. Hér beinast geislar æðra lífs til okkar með verum þessum og það er ekki unnt að lýsa með orðum þeirri gleði, sem slík áhrif veita. Ég ætla ekki að reyna það heldur. En vona, að það sem mestu varðar, hafi komið fram og því fylgi einhver góður kraftur og þakka fyrir og kveð.

Verið nú sæl.

Fyrir miðilsmunn 14. 12. 1987.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Indversk kona.

(Indversk kona):

Sæl.

Kona.

Ég hugsa til ykkar. Það er erfitt að nefna nafnið. En ég reyni það seinna. Ég er indversk. Tala til ykkar um langan veg hnatta á milli. Eru hér fleiri konur framliðnar hinar öflugustu. Það er beint til ykkar krafti. Vonandi að þið getið

tekið við sambandskraftinum og er það mikil nauðsyn jarðarbúum, að njóta hinnar langtaðsendu magnanar guðanna og samstillast þeim vitandi vits og það er mikil viðleitni til að hjálpa frá æðri lífstöðvum á skemmra komnum hnöttum. Þannig að til mikils er að vinna að greiða fyrir samböndum upp á við. Það eruð þið nú að reyna í sambandsstöð ykkar. Öflug vera í óra fjarlægð beinir geislum til jarðar og gætuð þið notið þar af góðs og ég mun reyna að koma til ykkar í sambandið bráðlega aftur og gera mitt besta til að efla aflsvæðið og sérhvert ykkar.

Lifið heil.

Fyrir miðilsmunn 10. 07. 1989.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Benedikt Gröndal, skáld.

Benedikt Gröndal, skáld.

Jæja, sæl.

Er mér ánægja að heilsa ykkur stórhuga stjörnusambandsleitendum íslenskum. Þar er vissulega markið sett hátt og ekki of hátt þó. Samband á sér stað stjarnanna á milli margþætt og merkilegt í eðli, lífsamband og vitsamband margvíslegt. Það má fullyrða sé alheimslögmál, flutningur orku hnattanna á milli, líforku og annarrar orku ýmsrar.

En hærra stig er lífsamband en hið ólífræna orkusamband, er menn þekkja og rannsaka af miklum áhuga víða um lönd. Stjörnufræðingar og eðlisfræðingar jarðneskir eru vissulega merkir um margt og fróðir, þó á takmörkuðu sviði sé. *En samband lífsins í alheimi ætti að vera höfuðverkefni jarðneskra vísindamanna.* Er þar óunnið stórkostlegt verk fyrir vísindi framtíðarinnar og mannkyn allt er þar byrjandi eða varla það enn.

En því er ég að tala um þetta við ykkur, er hér sitjið og hlustið á mál mitt, að *hér er um að ræða stórkostlega þýð-*

ingarmikið íslenskt hlutverk í mannkynssögunni að ryðja þessum stórkostlegu sambandsuppgötvunum íslenskum braut, er Nýall boðar og flytur öllum þeim, er vit, þroska og skilning hafa.

Skáldin hugsa ekki á sama hátt og vísindamennirnir ævinlega og er það reyndar af eðlilegum ástæðum. Skáldin eru ekki alveg laus við andagift og innblástur sum minnsta kosti, og ratast stundum merkilega satt á munn og koma stundum auga á merkileg sannindi, er öðrum sést yfir.

En ég hafði áhuga á ýmsu öðru en skáldskap og held ég hafi haft nokkra tilhneigingu til að athuga náttúruna öðrum þræði, er bendir til að skáldeðlið og vísindamannseðlið sé ekki alveg óskyld þó. *Ég hygg, að hin miklu og guðinn-blásnustu skáld hafi sérstakt hlutverk sem tengiliðir nokkurskonar við uppsprettu fegurðar og visku fyrir þjóðirnar.* Íslensk höfuðskáld sögunnar hafa verið slíkir tengiliðir við æðri og fegurri veröld. Er þar margt merkilegt afrek snillinga sumra íslenskra, sem vert væri að ræða ítarlega. En tími minn hleypur nú frá mér og ætla ég að ljúka máli mínu að sinni á þeim orðum og þakka fyrir.

Verið sæl.

Fyrir miðilsmunn 20. 06. 1988.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Baldur Ás

— á sambandsfundi þar sem hópur útlendinga var viðstaddur, meðal annarra.

Baldur.

Megi ykkur vaxa ásmegin.

Það eru hinir fornu Æsir og Ásynjur í annarri vetrarbraut, er til ykkar geisla krafti og til mannkyns alls.

Íslenskan er skyldust guðanna máli af tungumálum jarðar.

Lærið íslensku, ef þið viljið nálgast guðina og tileinkið ykkur íslenska hugsun.

Þakka.

Verið sæl.

Til lesenda Lífgeisla

Í spjalli mínu til lesenda Lífgeisla í síðasta hefti ræddi ég svolítið um drauma og um mikilvægi þessa fyrir hvern og einn, og um þýðingu þeirra til skilnings á tilverunni og sambandi lífsins í alheimi.

Á sama hátt langar mig nú til að minnast örlítið á miðils-sambönd. Í miðilssvefni kemst miðillinn í samband við framliðna vini og aðra þá, sem héðan eru fluttir til annarra lífstjarna og stundum, þegar allra best hagar til, við enn lengra komna lifendur, sem ekki hafa átt heima á þessari jörð.

Við Nýalssinnar höfum átt því láni að fagna, um langt árabil að hafa notið hæfileika frábærs miðils. En af munni hans hafa sambandsvinir okkar, getað sagt okkur ýmsan áhugaverðan fróðleik frá heimkynnum sínum. Í öllu tali þeirra kemur fram, að byggð þeirra er undantekningalaust, á reikistjörnum annarra sólhverfa, þar sem í megindráttum hagar til líkt og hér, þrátt fyrir mjög mikinn mismun í ýmsum atriðum. Í svo til öllum tilvikum líður hinum framliðnu ákaflega vel, og eiga varla orð, til að dásama þá tilveru, sem þeir nú njóta. Hjá öllum kemur fram, að ekki eiga þeir heima í neinum andaheimi, heldur í heimi sem að öllu leyti er eins efniskenndur og sá, sem við jarðarbúar þekkjum.

Um langt skeið höfum við birt í Lífgeislum sýnishorn þess sem fram hefur komið á miðilsfundum, og hafa margir látið í ljósi við okkur, að þeim finnist áhugavert og jafnvel undravert, sumt það sem fram hefur komið á fundum þessum. Hefur það glatt okkur og miðillinn, að heyra slíkar umsagnir.

Við óskum lesendum Lífgeisla allrar farsældar í bráð og lengd og vonum að sem flest gæði lífsins megi falla þeim í skaut.

Munið svo eftir að senda okkur eitt og annað efni, sem hentugt væri til birtingar í ritinu.

F. h. Félags Nýalssinna Ingvar Agnarsson.

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT fyrir hönd Félags Nýalssinna
Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Geimþoka í merki Hörpunnar. (Sjá forsíðumynd og aðra á innsíðu) I. A.	bls.	110
Líffræði, lífafslsvæði og minningafræði. Þorsteinn Guðjónsson	”	111
Tvennskonafræði. I. A.	”	115
Sérkennilegar vetrarbrautir (með mynd) I. A.	”	116
Áður en lengra er haldið (með mynd). Þorsteinn Guðjónsson	”	117
„Siðabót lýðbragsins“ Einar Benediktsson	”	119
List málsins. Einar Benediktsson	”	119
Um lífsambönd. Helgi Pjeturss	”	120
Lífgeislunarhrif vetrarbrautanna (með mynd). Halldór Vigfússon	”	121
Maðurinn stóri í eyjunni óbyggðu (sýn). Katrín Sólbjartsdóttir	”	124
Hugarflug (mynd).	”	125
Spámæli Helga Pjeturss Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum	”	126

LJÓÐ:

Vetrarnótt (með mynd). Steingrímur Thorsteinsson	bls.	128
„Drottning heimsins tungna. Einar Benediktsson ..	”	129

DRAUMAR:

Viðskipti við verði laganna. Þorsteinn Sveinsson Víkingur	bls.	130
Mynd: Jörðin séð frá tungli	”	131
Vélanidurinn ómfagri. I. A.	”	132
Draumur um Snorra Sturluson. Halldór Pjetursson	”	133
Draumur Loga Ásgeirssonar. Sveinbjörn Beinteinsson	”	134
Draumskynjanir til annarra hnatta. S. S. T.	”	136

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Gunnar Hjörvar ritaði ..	bls.	137
Zarabústra	”	137
Sif	”	138
Forngrísk kona	”	139
Ónefnd íslensk kona	”	140
Indversk kona	”	140
Benedikt Gröndal, skáld	”	141
Baldur	”	142
Til lesenda Lífgeisla	bls.	143